

AUGLÝSING um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Álfstaðir II.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lands Álfstaða II. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi, gestahúsum, reiðhöll/hesthúsi og skemmu á fjórum byggingarreitum.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. desember 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.